

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1827 2020/EES/26/18****frá 30. október 2019****um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/23/ESB að því er varðar viðmiðunarfjárhæð vegna sérleyfa (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/23/ESB frá 26. febrúar 2014 um gerð sérleyfissamninga <sup>(1)</sup>, einkum annarri undirgrein 4. mgr. 9. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Ráðið samþykkti með ákvörðun 2014/115/ESB <sup>(2)</sup> bókun um breytingu á samningnum um opinber innkaup <sup>(3)</sup> (hér á eftir nefndur „samningurinn“) sem gerður var innan ramma Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Samningurinn er fjölhliða gerningur og markmiðið með honum er að samningsaðilar opni markaði sína er varða opinber innkaup hver fyrir öðrum. Hann gildir gagnvart öllum innkaupasamningum sem ná þeim fjárhæðum eða fara yfir fjárhæðirnar („viðmiðunarfjárhæðir“) sem settar eru fram í samningnum og tilgreindar sem sérstök dráttarréttindi.
- 2) Eitt af markmiðum tilskipunar 2014/23/ESB er að gera samningsstofnunum og samningsyfirvöldum, sem beita henni, kleift að uppfylla um leið þær skuldbindingar sem mælt er fyrir um í samningnum. Í samræmi við 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 2014/23/ESB ber framkvæmdastjórninni að ganga úr skugga um á tveggja ára fresti að viðmiðunarfjárhæðin vegna sérleyfa, sem sett er fram í 1. mgr. 8. gr. þeirrar tilskipunar, sé í samræmi við viðmiðunarfjárhæðina sem sett er fram í samningnum. Þar eð verðgildi viðmiðunarfjárhæðarinnar, sem er reiknað í samræmi við 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 2014/23/ESB, er annað en verðgildi viðmiðunarfjárhæðarinnar, sem sett er fram í 1. mgr. 8. gr. þeirrar tilskipunar, er nauðsynlegt að endurskoða þessa viðmiðunarfjárhæð.
- 3) Því ætti að breyta tilskipun 2014/23/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Í 1. mgr. 8. gr. tilskipunar 2014/23/ESB kemur „5 350 000 evrur“ í stað „5 548 000 evrur“.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2020.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 279, 31.10.2019, bls. 23. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/2020 frá 7. febrúar 2020 um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn (bíður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Ákvörðun ráðsins 2014/115/ESB frá 2. desember 2013 um gerð bókunar um breytingu á samningnum um opinber innkaup (Stjtið. ESB L 68, 7.3.2014, bls. 1).

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 68, 7.3.2014, bls. 2.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. október 2019.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---